

Fundargerð háskólaráðs

302. fundur þriðjudaginn 29. mars 2011
í stofu 262, Borgum, kl. 13.15 - 16

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.35.

Mættir voru auk hans:

Hermann Óskarsson varafulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Sveinn Arnarsson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Embla Eir Oddsdóttir verkefnastjóri Stofnun Vilhjálms Stefánssonar

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar

1008039

Fundargerð 301. fundar var borin upp og samþykkt. Fundargerð 300. fundar var undirrituð.

2. Rekstur, staða mála

Ólafur dreifði rekstraryfirliti fyrir janúar-febrúar dagsett 15. mars 2011 og útskýrði það. Enn getur átt eftir að koma fram einhver kostnaður vegna 2010.

Hjörleifur spurðist fyrir um færslu sértekna fræðasviðanna. Ólafur útskýrði að yfirlitið sýni útgjaldaramma allra starfseininga með tilliti til sértekna.

Ólafur skýrði út helstu frávík frá áætlaðri stöðu (markaðs- og kynningarsvið, upplýsingasvið) sem stafa af útgjöldum vegna áskrifta og afnotagjalda sem koma á fyrstu mánuðum ársins.

Rekstur viðskipta- og raunvísindasviðs bendir til þess að staðan í árslok geti orðið 30-40 mkr. umfram áætlun að ef ekki yrði gripið til aðgerða. Skýrði Ólafur nánar út ástæður þess.

Umræða varð um stöðu viðskipta- og raunvísindasviðs. Rektor skýrði frá að gripið hefur verið til sparnaðaraðgerða innan auðlindadeildar að vissu marki en ekki nægilega miðað við forsendur samþykkrar áætlunar.

Fundarmenn voru sammála um að alger nauðsyn væri á að ná nú þegar tökum á rekstri viðskipta- og raunvísindasviðs. Rektor mun taka málið að sér ásamt forseta sviðsins og Úlfari Haukssyni og gefa háskólaráði skýrslu á næsta fundi.

SA.
P.
K.
H.
S.B.

3. Verkefnisstjórn um samstarf opinberu háskólanna

"[málsnúmer]"

Rektor sýndi drög að rammasamningi milli HA, HÍ, LBHÍ og Hólaskóla, dags. 8. mars 2011. Samningurinn er um samræmda stoðþjónustu háskólanna og mun ná til upplýsingakerfa, hugbúnaðarþróunar, vísindasviðs, kennslumiðstöðvar, miðstöðvar framhaldsnáms og skjalavörslu.

Umræða varð um fjarkennsluhlutverk HA innan væntanlegs samstarfsnets háskólanna. Fram kom sú hugmynd að HA gæti séð um símenntun fyrir kennara gegnum væntanlega kennslumiðstöð háskólanna, e.t.v. í samstarfi við Símenntun HA. Rektor benti fundarmönnum á heimasíðu verkefnisstjórnarinnar, www.samstarf.hi.is.

4. Beiðni um fjöldatakmarkanir á heilbrigðisvísindasviði

1103112

Háskólaráð samþykkti beiðni forseta heilbrigðisvísindasviðs HA um takmörkun fjölda þeirra sem hefja nám í hjúkrunarfræði og iðjubjálfunarfræði á vormisseri 2012. Í hjúkrunarfræði verður hámarksnemendafjöldi 50 og í iðjubjálfun 25.

5. Auglýsingar á akademískum störfum

1103037 Beiðni um auglýsingu á 50% stöðu lektors í félagsfræði til þriggja ára

1103079 Auglýsing um stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs

1103081 Drög að auglýsingu um stöðu forseta heilbrigðisvísindasviðs

1103082 Drög að auglýsingu um stöðu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs

1102024 Drög að auglýsingu um stöðu lektors við lagadeild HA

Staða forseta hug- og félagsvísindasviðs hefur þegar verið auglýst og stöður forseta hinna fræðasviðanna verða auglýstar í apríl. Fundarmenn voru sammála um að æskilegt væri að hafa umsóknarfresti lengri en nú er gefinn fyrir umsóknir um stöðu forseta hug- og félagsvísindasviðs. Í umræðu kom fram sú spurning hvort auglýsa ætti stöður fræðasviðsforseta á ensku einnig, og á öllu evrópska efnahagssvæðinu.

Rætt var um kennslu- og rannsóknaskyldu fræðasviðsforseta og rétt þeirra til rannsóknamissera. Fram kom það sjónarmið að tvö ár væru stuttur ráðningartími fyrir forseta fræðasviðs.

Rektor sagði frá beiðni frá hug- og félagsvísindasviði um að auglýst verði 50% staða lektors í félagsfræði til þriggja ára. Rannsóknahluti stöðunnar er greiddur með styrkjum frá HBC og ESPAD. Forsenda fyrir stöðunni er að svo verði áfram og verður staðan auglýst með þeim fyrirvara.

Háskólaráð hefur áður heimilað að auglýst verði staða lektors í lögfræði við lagadeild HA en heimildin hefur ekki verið nýtt ennþá. Rektor hyggst auglýsa 100% stöðu fjórtlega enda verður ekki komist hjá því lengur.

Hug- og félagsvísindasviði er falið að sjá til þess að staðan rúmist innan núverandi fjárheimilda sviðsins.

SA.
AF
K.A.
HS
S.B.

6. Starfsmannastefna HA

0701253

Rektor sagði frá því að starfsmannastefnan sem samþykkt var 2009 er til yfirlestrar og verður hún væntanlega lögð fyrir næsta háskólaráðsfund til samþykktar.

7. Staða norðurslóðamála við HA

Embla Eir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Sagði hún frá að áhugi á málefnum norðurslóða fer mjög vaxandi, bæði meðal íbúa norðurslóða og annarsstaðar í heiminum. Benti hún á mikilvægi þess að HA væri þar í forystu. Síðan sýndi Embla Eir á glærum yfirlit yfir yfir rannsóknir, kennslu og annað starf sem tengja má málefnum norðurslóða og fer fram við HA, tengdar stofnanir, og aðrar stofnanir á Akureyri. Í máli hennar kom fram að á Akureyri er fyrir hendi mikið forskot í þekkingu á norðurslóðamálum.

Umræða varð um umhverfismál, málefni dreifbýlis, og svaraði Embla Eir nokkrum fyrirspurnum. Rektor þakkaði henni fyrir og fór hún af fundi.

8. Önnur mál

Hjörleifur spurðist fyrir um hvort sértekjur allra fræðasviða/deilda eru færðar á sama hátt í rekstri háskólans. Rektor mun sjá til þess að háskólaráð fái upplýsingar um það.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.

Sveinn Arnarsson
Jóna Jónsdóttir
Krisdín Þórgunnardóttir
Hjörleifur Arnarsson
Sveinn Arnarsson